



Grænfánaskýrsla Tjarnarsels. Sótt er um fánann í sjötta sinn. Átthagaverkefnið Aldingarður æskunnar.

Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjanesbæjar en tók hann til starfa árið 1967. Í skólanum eru 4 aldurshreinar deildar og starfað er samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem Menntamálaráðuneyti gaf út 2011. Áherslupættir Tjarnarsels eru vettvangsferðir, umhverfismennt og mál- og læsishvetjandi umhverfi. Jafnframt að hafa fjölbreyttan efnivið í listsköpun og fjölbreytt leikefni. Hugmyndafræði skólans einkennist af því að allt nám geti farið fram í gegnum leik, jafnt innan veggja hans sem utan.

Vettvangsferðir hafa verið einn af aðaláherslupáttum leikskólans frá 1995 og frá árinu 2012 bættist við verkefni leikskólans *Garðurinn okkar – útikennsla*. Út frá þeim hugmyndum kviknaði hugmyndin að átthagaverkefninu og unnið yrði markvisst að því verkefni þegar stefnt væri að sækja um Grænfánann í sjötta sinn.

Samvinna við Garðyrkjufélag Suðurnesjadeilda hófst þegar formaður deildarinnar Konráð Lúðvíksson bauð okkur í samstarf. Þá var Garðyrkjufélagið nýbúið að fá til umræða lítinn skika í Skrúðgarðinum sem fékk í framhaldinu nafnið **Aldingarður æskunnar**.

Nærsamfélagið hefur með beinum og óbeinum hætti tekið þátt í verkefni aldingarðsins. Stofnanir Reykjanesbæjar hafa lagt okkur lið, eins og Umhverfissviðið og Þjónustumiðstöðin. Einnig kom Rotary félag Reykjanesbæjar styrkt verkefnið með bæði með vinnuframlagi og fjárhagsstyrks sem nýttur var til kaupa á rósum og sígrænum jurtum. Einnig hefur verið leitað til ýmissa fyrirtækja í bæjarfélaginu sem hafa lagt til vinnuafli og tæki án endurgreiðslu og aðstoðað okkur með hráefni og aðföng.

Leikskólinn er í göngufæri frá Skrúðgarði Reykjanesbæjar og hefur hann oft nýst í vettvangsferðum með börnunum. Því þótti tilvalið að fara í samvinnu með Garðyrkjufélaginu. Þarna sáu kennarar góða leið til að útvíkka þekkingu barnanna á sínu nærumhverfi og nota Skrúðgarðinn og þar með Aldingarð æskunnar sem uppsprettu náms og leiks.

Nú sækir leikskólinn Tjarnarsel um Grænfánann í sjötta sinn. Framlag skólans í þessum áfanga tengist átthögum með grunnþætti menntunar og sjálfbærni að leiðarljósi.

Umhverfisnefndin

Fjórir kennarar og 19 börn sem eru fædd 2016 skipa umhverfisnefndina. Deildarstjóri ásamt verkefnastjóra halda utan um verkefnið. Fjöldi funda, yfir tveggja ára tímabil, fer eftir árstíma. Annars vegar eru þeir nokkrum sinnum í viku eða hins vegar geta liðið nokkrar vikur á milli funda. Samstarfsfundir voru haldnir með Garðyrkjufélagi Suðurnesjadeildar annarsvegar í leikskólanum eða í Aldingarði æskunnar sem er staðsettur í Skrúðgarði Reykjanesbæjar.

Skipulag funda:

- ✓ Farið yfir verkefni hópsins
- ✓ Samræður um hugleiðingar og hugmyndir hópsins um ýmislegt sem varðar verkefnið. Þar má nefna hvaða aðföng þyrfti til að verkefnið næði fram að ganga og hvort hægt væri að fá fleiri aðila til að koma að verkefninu.
- ✓ Ákvarðanir teknar um framhaldið.
- ✓ Afrakstur kannaður og skoðaður.

Mat á stöðu umhverfismála

Að börnin öðlist fjölbreytta reynslu og sýn á umhverfið og náttúruna í sínu nærumhverfi. Hvernig þau geta uppgötvað allan ársins hring náttúruna í leik, námi og kennslu. Hvað þeirra framlag til verksins er samfélaginu mikils virði.

Áætlun um aðgerðir, markmið og eftirfylgni

Megin markmið þemaverkefnisins er að efla þekkingu og ýta undir reynslu barnanna á að rækta ýmsar tegundir plantna og að auka gleði þeirra í útiveru. Við nálgumst viðfangsefnin í ljósi heilbrigðis, vellíðanar og þemur stoðum sjálfbærni.

- ✓ Að auka gleði barna í útiveru.
- ✓ Að efla útinám og hreyfingu barna.
- ✓ Að börn öðlist fjölbreytta reynslu og sýn á umhverfi og náttúru.
- ✓ Að efla þekkingu barna á ræktun plantna.
- ✓ Að kynna þau fyrir árstíðunum.

Eftirlit og endurmat fór fram jafnóðum eftir því sem á leið á verkefnið. Við vinnuna á verkefninu bættust við fleiri þættir og sömuleiðis kom betur í ljós tengingin við Aðalnámskrá leikskóla. Kennarar voru duglegir að notfæra sér fyrri reynslu af útikennsluverkefnum úr *Garðinum okkar*. Einnig kom út á tímabilinu verkefnabókin *Lifandi náttúra. Lífbreytileiki á tækniöld*. Kennarar Tjarnarsels tóku þátt í því verkefni í tengslum við Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins.

Vegna sífelldrar þróunar verkefnisins hefur það tekið breytingum allt tímabilið. Til dæmis voru börnin í vettvangsferð í Aldingarði æskunnar í sumar og tóku þau þá eftir því að það hafði verið

unnar skemmdir á garðinum. Komu þá upp umræður meðal barnanna hvað hægt væri að gera og hvað skyldi gera næst í framhaldinu.

Námsefnisgerð og tenging við Aðalnámskrá – hvað var gert?

Tekið er mið af Aðalnámskrá leikskóla, Skólanámskrá Tjarnarsels og innra mati síðasta starfsárs þegar næsta skref er tekið í umhverfismenntun barna og framlag skólans til Grænánaverkefnisins. Sjálfbærni til menntunar er rauði þráðurinn í skólanámskrá Tjarnarsels og er megin inntak í þemaverkefninu um áttihaga. Eftir að ákvörðun var tekin um samstarf við Garðyrkjufélag Suðurnesjudeildar var hugmynd lögð fyrir börnin með tilkomu kennara. Leitast var við að koma flesta þætti grunnþætti menntunar í Aðalnámskrá leikskóla. Með aðaláherslu á sjálfbærni og náttúru, vísindi og sköpun.

Heilbrigði og vellíðan



Áttihagaverkefnið býður upp óteljandi möguleika til að örva hreyfifærni barna. Það eitt að fara gangandi eykur þol og úthald barnanna. Fyrsti viðkomustaður yngstu barnanna er oft Skrúðgarðurinn. Þegar börnin eldast er ferðin sjálf fjölbreyttur leikur þar sem leitast er við að nota tækifærin sem gefast á leiðinni eins og þjálfun jafnvægis. Þá var gjarnan stuðst við námsefni Sabínu Steinunnar Halldórsdóttur, *Færni til*

fram tíðar, þar sem unnið er sérstaklega með örvun og hreyfingu í nánasta umhverfi barna. Þegar í Aldingarð æskunnar var komið voru verkefni sömuleiðis fjölbreytt. Það að nota litla fingur við að koma viðkvæmum laukum í jörðina krefst einbeitingar og fínhreyfingar þjálfast.

Lýðræði, jafnréttindi og mannréttindi



Rödd barna, skoðanir og vilji þeirra er mikilvægur þáttur í leikskólasamfélaginu. Börnin voru spurð um vilja þeirra í verkefninu. Greinilegt var að með endurteknum komum á svæðið náðu þau að tengjast því vel og þótti þeim sem dæmi mjög miður þegar unnar voru skemmdir í Aldingarði æskunnar. Þeim fannst undarlegt að einhver skyldi hjóla yfir fallegu blómabeðin sem þau höfðu lagt svo mikla alúð við.

Læsi og samskipti



Málörvun fer fram daglega í Tjarnarseli við allar athafnir yfir daginn. Leturgerð er einn af færniþáttum okkar í lestrarkunnáttu. Vettvangsferðir eru notaðar við að æfa sig í að skrifa í sandinn og skapa. Gott er að nýta það sem er við höndina, þau leita sér að greinum og sprekum til að nota sem skriffæri. Ritmálið er allt í kringum okkur og þegar börnin fengu afhenta blómlauka pokana vakti merkingarnar athygli þeirra. Orðaspjallsaðferðin hefur verið notuð markvisst í Tjarnarseli í langan tíma. Aldingarðurinn æskunnar er óendaleg uppspretta nýrra orða eins og rætur, brum, árstíðir, skjól, og illgresi.

Sjálfbærni, náttúra og vísindi



Bein þátttaka barnanna í nærsamfélaginu er góð leið til að fræða þau um umhverfið og náttúruna allt í kring. Með endurteknum komum í Aldingarð æskunnar upplifa börnin árstíðir og breytingar náttúrunnar. Á haustin sjá þau meðal annars þegar gróður er að undirbúa sig fyrir vetrardvala. Þá gefast tækifæri til að taka með til baka í leikskólann t.d. köngla og rósabelgi sem hægt að skoða nánar í smásjá. Veturinn getur verið

kaldur og þá getur komið í okkar hlut að búa til skjól fyrir plönturnar. Á vorin sjáum við líf kvikna og gróður koma úr moldu og sumrin geta gefið okkur ótal tækifæri til að skoða dýralíf t.d. skordýr og fugla.

Sköpun, náttúra og menning



Sköpun veitir okkur gleði og mikilvægt er að hvetja börnin til frumkvæðis og frjálssar hendur til að láta ljós sitt skína. Hlutverk kennara eru að vekja áhuga og forvitni barnanna á fjölbreyttum viðfangsefnum. Aldingarður æskunnar gefur tækifæri til að skapa og njóta allt árið um kring. Vatnslitir, vasaljós, pappadiskar og fleira skemmtilegt er tekið með í garðinn sem getur orðið uppspretta að fjölbreyttri sköpun. Einnig er unnið áframhaldandi í listastarfi þegar heim í leikskólann var komið. Því að við teljum að alls staðar er hægt að vera með sköpun út sem inni.



Kynning á stefnunni

Ýmsar leiðir voru farnar við að kynna verkefnið og stefnuna. Glærुकynning var útbúin sem sýnd var meðal annars á Vorþingi Landverndar í mars 2021. Stuttar kynningar voru á deildar- og starfsdögum í Tjarnarseli.

Tjarnarsel heldur út opinni fésbókarsíðunni, *Leikskólinn Tjarnarsel*. Reglulega eru settar fréttir af námi og starfi leikskólans. Einnig halda deildirnar úti lokuðum árgangasíðum þar sem foreldrar fá vikulegar fréttir og upplýsingar um námið og starfið inni á deildunum. Á föstudögum eru settar inn myndir og það helsta sem var á döfinni þá vikuna. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með á fésbókinni og eiga í gagnvirkum samskiptum við leikskólann. Síðastliðin ár hefur grænánaverkefni og þar með verkefnið um Aldingarð æskunnar fengið þar mikla umfjöllun.

Við upphaf leikskólagöngunnar fá foreldrar kynningarfund m.a. um umhverfisstefnu skólans og einstök verkefni, eins og Grænánaverkefnið og áherslur skólans á útinámi. Á heimasíðu Tjarnarsels <http://www.tjarnarsel.is/> eru linkur með upplýsingum um Grænánaverkefnið. Þar má einnig lesa skýrslur fyrri verkefna. Þá hafa margir kennarar komið í sínum frítíma og lagt fram sitt framlag til Aldingarðs æskunnar.

Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Tjarnarsels tekur mið af stefnu leikskólans í sjálfbærnimenntun sem er ein af grunnþáttum leikskólastarfsins. Inntak sjálfbærnihugtaksins felur í sér samspil margra þátta s.s. efnahags, samfélags, félagslegrar velferðar og umhverfisverndar. Í Tjarnarseli er litið svo á að umhverfismennt og útinám með beinni þátttöku í sínu nærsamfélagi komi inn á alla þessa þætti og sé góð leið til að fræða leikskólabörnin um umhverfismál. Lögð er áhersla á að flétta menntun til sjálfbærni inn í allt starf leikskólans og gefa börnum tækifæri til að takast á við verkefni sem styrkja þau til að taka þátt í sjálfbæru samfélagi.

Meginmarkmiðið er að þroska einstaklinga í að axla ábyrgð á tilveru sinni, nærumhverfi og búa yfir þekkingu til að sjá afleiðingar gjörða sinna á komandi kynslóð.

Einnig er markmiðið:

- ✓ Að mennta ábyrga einstaklinga sem láta sig umhverfið varða.
- ✓ Að börn öðlist fjölbreytta reynslu í náttúru, samfélagi og menningu.
- ✓ Að börn taki þátt í ákvörðunum í samráði við aðra um margvísleg málefni sem hafa áhrif á samfélagið og nærumhverfi þeirra.
- ✓ Að efla orðaforða barna og skilning í tengslum við sjálfbærni.
- ✓ Að aðstoða börn við að sjá tengsl, orsaka og afleiðinga.

(Skólanámskrá Tjarnarsels - Sjálfbærni og vísindi, 2017)

Lokaorð

Átthagaverkefnið Aldingarður æskunnar hefur verið fjölbreytt og áhugavert. Komið hefur í ljós að verkefnið er lifandi og tengist í margar áttir. Að læra úti í nærumhverfi Tjarnarsels er gefandi og skemmtileg nálgun í leikskólastarfinu. Kennarar hafa fullan hug á að halda áfram með verkefnið til framtíðar. Í samfélagi þar sem sífelldur hraði er áberandi er mikilvægt að börn læri að umgangast sitt nærumhverfi af áhuga og virðingu. Við teljum að átthagaverkefnið hafi skilað börnum og ekki síður kennurum tengingu við náttúruna í nærumhverfi. Ekki þarf að fara langt yfir skammt til að njóta.

Virðingarfyllst

Reykjanesbær 30. ágúst 2021

Áslaug Unadóttir og

Fanney M Jósepsdóttir

Heimildir og gagnasafn

- Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Menntamálaráðuneytið.
- Árdís H. Jónsdóttir. (2013). Orðaspjall: að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Leikskólinn Tjarnarsel.
- Inga María Ingvarsdóttir (2017) Garðurinn okkar, útinám í leikskóla. Útgefandi Tjarnarsel.
- Lifandi náttúra. Lífbreytileiki á tækniöld.
https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lifbreytileiki_a_tækniöld/4/
- Sabína Steinunn Halldórsdóttir (2014). *Færni til framtíðar: Valið efni úr handbók um örvun hreyfifærni barna úti í nánasta umhverfi*. Reykjavík: Embætti landlæknis.
- Sabína Steinunn Halldórsdóttir (2019). Útivera. 52 hugmyndir til að auka útverustundir fjölskyldunnar. Reykjavík.
- Vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans. Útgefandi Tjarnarsel.